



Reykjavík, 17. ágúst 2020

Efni: Áform um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 13. júlí sl. þar sem lagt er til útbúið verði ný rammalöggjöf um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir skýrslu starfshóps um sérleyfissamninga vegna lands í eigu ríkisins og mat áhrifum sem birt var á samráðsgáttinni og vilja koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Fyrirhuguð rammalöggjöf gerir ráð fyrir að settar verði reglur vegna landssvæða og innviða í eigu ríkisins sem byggja á þrenns konar megingerðum nýtingarleyfa sem, eins og nánar kemur fram í skýrslu starfshópsins.

Samtökin sakna þess að ekki sé til umfjöllunar eiginlegt áformaskjal um lagasetningu, þar sem efnistöð væntanlegra laga eru kynnt og útskýrð. Því eru aðeins efnistöð skýrslunnar höfð til hliðsjónar í þeim ábendingum sem hér birtast ásamt því sem SAF hefur áður komið á framfæri um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni.

Samtök ferðaþjónustunnar leggja mikla áherslu á öflugt samstarf við alla lagagerð og fara fram á að eiga ríka aðkomu að þeirri lagagerð sem hér um ræðir. Þá telja samtökin afar mikilvægt að hugað verði að eftirfarandi atriðum við gerð frumvarps til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni.

Skipulag og innviðir

- Vinna þarf skýrara skipulag fyrir land í eigu ríkisins í heild. Mikilvægt er að íhuga hverskonar ferðamennska hentar á hverjum stað, nokkurskonar „Rammaáætlun ferðaþjónustunnar“ sem oft hefur borið á góma
- Undirbúa þarf frekari innviðauppbyggingu og skipulagi í þágu ferðaþjónustu framtíðar, sem taki mið af verndun, svipmóts lands og náttúru og stuðli jafnframt að jákvæðri upplifun gesta

- Skipulagsmál þjóðgarða, friðlýstra svæða og annars lands í eigu ríkisins verði á einni hendi innan stjórnkerfisins

Verndarsjónarmið og upplifun ferðamanna

- Miðhálandið verði ein verndarheild og þau mannvirkjabelti sem þar hafa verið skilgreind séu hluti af þeirri heild. Þannig er hægt að stuðla að ákveðnara og skilvirkara skipulagi
- Við alla mannvirkjagerð ber að hafa í huga að viðhalda sem mest viðernisupplifun og horft sé til lengri tíma og heildamyndar. Vernda þarf þau miklu verðmæti sem felast í lítt snortnum viðernum hálandisins

Útboð og samningar

- Tryggja þarf að gagnsæis, samræmis og jafnræðis sé gætt í útboðum og samningum um leigu eða önnur afnot af svæðum á landi í eigu ríkisins
- Greiðslum sé hagað þannig hægt sé að byggja upp sjálfbæran rekstur innan þess leigutíma sem samið er um
- Jafnframt ber að horfa til þess að leigutími sé ekki það stuttur að alltaf sé horft til bráðábyrgðalausna við aðstöðuuppbyggingu
- Við gerð samninga um afnot eða aðstöðu ber að tryggja sem best gæði og öryggi við þjónustu og mannvirki
- Tekjur sem koma inn fyrir aðstöðu, leigu o.fl., skuli ávallt nýtar til að auka og viðhalda gæðum lands í eigu ríkisins
- Áningastaðir innan lands í eigu ríkisins, gisting o.fl. verði vel skilgreindir og skipulagðir með það að markmiði að upplifun ferðamanna verði í samræmi við væntingar um það umhverfi sem svæðið felur í sér. T.d. óbyggðir eða hálandið. Mikilvægt er að gisting í húsbílum eða sambærilegum einingum eigi sér stað á skipulögðum svæðum innan lands í eigu ríkisins með það að markmiði að takmarka utanvegaakstur og gæta náttúrunnar.
- Hugað verði að aðgangsstýringu með það að markmiði að varðveita upplifun ferðamanna og umhverfi ferðamannastaða

Samtökin ítreka mikilvægi þess að hugað verði vel að samráði við alla hagsmunaaðila í vinnu við fyrirhugaða lagasmíði.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson". The signature is stylized and somewhat cursive.

Gunnar Valur Sveinsson